



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í starfsstöð Skógræktar ríkisins í Vaglaskógi í Fnjóskadal þann 11. júlí 2015 kl. 11:00. Byrjað var á súpu og brauði í boði félagsins og sá Gunnhildur í Hrísgarði um veitingarnar.

Páll Ingvarsson formaður, setti fundinn og skipaði Brynjar Skúlason fundarstjóra.

Brynjar tók við fundarstjórn kynnti dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Kosningar
4. Ávarp gesta
5. Önnur mál.

1. Skýrsla stjórnar.

Páll formaður kynnti skýrslu stjórnar og fer hún hér á eftir.

Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var á Blönduósi 15. mars 2014 hefur stjórnin haldið 5 bókaða fundi.

Á síðasta aðalfundi voru kosin í stjórn félagsins Páll Ingvarsson Reykhúsum formaður, Sigurlína Jóhannesdóttir Snartarstöðum gjaldkeri, Helga Sigurrós Bergsdóttir Sauðárkróki ritari, Davíð Herbertsson Hrísgarði og Sigrún Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi meðstjórnendur. Anna Ragnarsdóttir Krithóli er stjórnarmaður í Landssamtökum skógareigenda og fulltrúi félagsins.

Stjórn félagsins hefur líkt og áður tekið virkan þátt í starfsemi Landssamtaka skógareigenda á árinu. Aðalfundur samtakanna á síðasta ári var haldinn í Miðgarði í Skagafirði 29. og 30. ágúst og skipulagði Félag skógarbænda á Norðurlandi fundinn. Var fundurinn vel sóttur, mörg fróðleg erindi voru haldin og mörg mál lögð fyrir fundinn og rædd og ályktanir samþykktar. Á Aðalfundinum var samþykkt að árgjald til LSE skyldi verða 3000 kr. fyrir hvert skógarbýli og að auki 1000 kr. fyrir hvern félagsmann. Margir lögðu hönd á plóg við undirbúninginn og vil ég þakka þeim öllum. Einnig þökkum við stuðning sem við fengum frá ýmsum aðilum sem gáfu veitingar og aðstoðuðu við skógargöngu í Reykjarhólsskógi, svo sem Mjólkursamsalan, Sveitarfélagið Skagafjörður, Norðurlandsskógar, Skógrækt ríkisins og einnig Varmahlíðarfélagið sem veitti fjárstyrk. Í lok skógargöngu í Reykjarhólsskógi var öllum fundargestum færðar grænar svuntur með merki félagsins.

Ritstjórn blað LSE „Við skógareigendur“ er í höndum Norðlendinga á þessu ári líkt og á því síðasta en á næsta ári færir ritstjórnin til annars landshlutafélags.

Félagið tók þátt í skógardeginum í Kjarnaskógi síðastliðið sumar í samvinnu við Norðurlandsskóga, Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Eyfirðinga. Almenn ánægja var með daginn sem þótti takast vel og fjöldi fólks sótti. Þar gaf að líta tæki og tól við grisjun, flettingu viðar og stauravinnslu. Keðjusögin var einnig sýnd í verki þar sem skógarhöggsmenn léku sér að því að breyta standandi tré í fjórfættan stólkoll, fræsýni voru skoðuð o.fl. Og að sjálfsögðu fékk fólk ketilkaffi og með því var boðið upp á lummur steiktar yfir eldi.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Uppi eru hugmyndir um sameiningu í skógargeiranum sem koma frá umhverfis- og auðlindaráðherra sem hefur skipað starfshóp til að skoða sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun. Um er að ræða Skógrækt ríkisins, Vesturlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum, Norðurlandsskógar, Héraðs- og Austurlandsskógar og Suðurlandsskógar, auk umsjónar Hekluskógaverkefnisins. Markmið vinnunnar er m.a. að samræma stjórnarsýslu skógræktarmála og gera hana skilvirkari, auka faglega getu og yfirsýn og að efla búsetu á landsbyggðinni, m.a. með því að styrkja starfsstöðvar í héraði. Starfshópurinn sem á að hafa samráð við Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands. á að skila greinargerð um hugsanlegan ávinning og áskoranir í lok ágúst. Á síðasta stjórnarfundi voru kynnt „Drög að sameiningu skógargeirans, sýn LSE“ og leist stjórnarmönnum nokkuð vel á þau.

Ég þakka að lokum stjórninni gott samstarf á árinu þar sem ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu í FSN.

Góðir fundarmenn. Það er bjart framundan hjá skógarbændum. Með yfirlýsingum stjórnvalda um aukna áherslu á kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu hlýtur að verða veitt auknu fé til skógræktar í landinu og mun ekki af veita eftir skerðingar undanfarinna ára.

Þegar ekið er um Norðurland má víða sjá vöxtulega skóga sem vitna um árangursríkt starf skógarbænda á svæðinu og öfluga leiðsögn Norðurlandsskóga og víða eigum við eftir að sjá yngri reiti stækka og setja svip sinn á landið.

Páll Ingvarsson, formaður.

2. Reikningar félagsins.

Sigurlína gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og kynnti þá. Nokkrar fyrirspurnir áttu sér stað. Í reikningunum kom fram að Aðalfundur LSE kom út með örlitum afgangi og munar þar mest um styrki. LSE leggur fram 300 þúsund til fundarins, aðrir peningastyrkir komu frá stjórn Menningarseturs Skagfirðinga í Varmhlíð, Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga, Norðurlandsskógum, auk styrkja í formi mjólkurdrykkja frá MS og fordrykkja á laugardagskvöldi sem voru í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og veitingar í skógi frá Skógrækt ríkisins. Auk þess sem Kraftmeiri skógar tóku þátt í kostnaði við leigu á Miðgarði. Einnig kom fram að Norðurlandsskógar hafa kostað dreifingu á Björkinni, blaði félagsins.

Páll upplýsti að stjórnin hafi metið það svo, að ef félagsmenn greiði ekki félagsgjald þrjú ár í röð, séu þeir sjálfkrafa að segja sig úr félaginu en eitthvað hefur borið á að félagsgjöldin séu ekki greidd. Það var gert átak í því að hringja í félagsmenn ræða þessi mál og kom í ljós að einhverjir vildu vera áfram í félaginu en aðrir sögðu sig úr því.

Páll bar upp tillögu þess efnis að árgjald yrði 7.500 kr. af því færu 3.000 kr. af hverri jörð og 1.000 kr af hverjum félagsmanni til LSE.

Eftir nokkrar umræður og fengnum frekari upplýsingar frá Jóhanni formanni LSE, bar Helga upp breytingatillögu þess efnis að árgjaldið yrði eftirfarandi:

- Hver jörð, 7.000 kr þar af fara 3.000 kr til LSE,
- Hver félagismaður 1.000 kr sem færi allt til LSE
- Aukafélagar, þ.e. þeir sem eru félagsmenn af áhuganum einum saman, eru ekki með samning við Norðurlandsskóga, eigi ekki né rækti skóg, greiði 2.000.-

Breytingatillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Reikningar félagsins bornir upp og samþykktir samhljóða.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

3. Kosningar.

Páll og Sigurlína hafa bæði lokið kjörtímabili og ættu að ganga úr stjórn samkvæmt reglum

félagsins, nema þau gefi kost á sér áfram. Páll hættir en Sigurlína gefur kost á sér áfram. Páll bar upp tillögu um Baldvin Haraldsson frá Stóru – Hámundastöðum í stjórn. Samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenn: Tillaga kom fram um Ketil Tryggvason Hallgilsstöðum og Kristján S Jóhannesson Hróarsstöðum. Samþykkt samhljóða.

Anna Ragnarsdóttir hefur verið fulltrú félagsins í stjórn LSE og skorar fundurinn á hana að gefa kost á sér áfram sé þess nokkur kostur.

4. Ávarp gesta.

Jóhann Gísli Jóhannesson formaður LSE kvaddi sér hljóðs, og kynnti ýmis verkefni sem LSE hefur staðið að, s.s. Kraftmeiri skóga, verkefninu er að ljúka, þar á bara eftir að ganga frá uppgjöri, en Jóhann taldi verkefnið ekki hafa skilað nógu miklu til LSE. LSE stendur frekar illa fjárhagslega séð en þó fjármögnun fyrir árið 2015 tryggð.

Unnið hefur verið að úrvinnslumálum, t.d. taka út viðarmagn og markaðseiningar, skoða notkunarmöguleikar og fl. Von er á lokaskýrslu í haust. Lengst er þetta komið fyrir austan, en þróunarsjóður þeirra hefur fengið um 10 milljónir styrk.

Jólatrjárækt hefur verið skoðuð en ekki komin af stað ennþá.

Hvað varðar fyrirhugaðar sameiningar Skógræktar ríkisins, Landshlutaverkefnanna í skógrækt og umsjón með Hekluskógum, sendi LSE inn upplýsingar um sýn LSE á þessi mál en félagið á ekki fulltrúa í sameinignarferlinu. Unnið er að úttekt á þessum málum og von er á skýrslu síðar í sumar.

5. Önnur mál

Davíð kvaddi sér hljóðs, ræddi um sýn LSE á sameiningarmál og varar við því að þetta verði ekki of einsleitt. Jóhann ítrekar að von sé á skýrslu í haust. Valgerður upplýsti að fyrirhugað sé að það verði 5 stafsstöðvar og yfirstjórn verði á Fljótsdalshéraði. Sett verði á laggirnar ný stofnun, ekki innlimun í Skógrækt ríkisins.

Rúmlega 20 félagsmenn mættu til fundarins að þessu sinni.

Fundi slitið.

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.